

Húsnæðiskönnun á Kópaskeri og nágrenni

Framkvæmd af Þekkingarneti Þingeyinga fyrir Norðurþing

31. ágúst – 7. september 2021



Um könnunina

Staða húsnæðismála á Kópaskeri og nágrenni hefur undanfarin misseri verið fyrirferðamikil í umræðunni hjá sveitarfélaginu Norðurþingi. Mjög lítið er af húsnæði á Kópaskeri sem stendur ónotað og framboð leiguhúsnæðis er afar takmarkað. Er það m.a. farið að hafa hamlandi áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu.


Eitt af megin markmiðum húsnæðisáætlunar Norðurþings er að stuðla að auknu húsnæðisöryggi heimila í sveitarfélaginu og því hefur sveitarfélagið leitað samstarfs við leigufélagið Bríeti sem stefnir nú á uppbyggingu á hagkvæmum leiguíbúðum á Kópaskeri. Liður í því samstarfi er að kanna húsnæðisþörf á svæðinu og bað sveitarfélagið því Þekkingarnet Þingeyinga að sjá um framkvæmd slíkrar könnunar á Kópaskeri og nágrenni.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 31. ágúst til 7. september 2021. Um var að ræða símakönnun þar sem allir íbúar Kópaskers og nágrennis á aldrinum 18-80 ára, sem voru á íbúaskrá 1. janúar 2021 og voru með skráð símanúmer hjá ja.is, fengu beiðni um þátttöku. Nágrenni Kópaskers var skilgreint sem pósthúsnúmer 671, afmarkað við svæðið austan Brunnár, norðan Ásbyrgis og sunnan Leirhafnar.

Alls fengust 105 símanúmer íbúa sem hringt var í og af þeim samþykktu 72 þátttöku og 58 skiluðu svörum (55%). Af þeim sem svöruðu fengu 35 sendan tengil að vefkönnun sem þeir svöruðu sjálfir og 23 svöruðu könnuninni í síma.


Þar sem heildarfjöldi svara er takmarkaður, verða svörin ekki brotin niður á bakgrunnsbreytur og ber að líta á niðurstöðurnar sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Hversu lengi
hefur þú búið
á Kópaskeri
eða nágrenni
þess?




Fjöldi svara: 58

Hve margir búa
á heimilinu að
þér meðtaldri
/meðtöldum?




Fjöldi svara: 58

Eru börn yngri
en 18 ára á
heimilinu?




Fjöldi svara: 58

Hversu gamall /gömul ert þú?




Fjöldi svara: 58

Hverjar eru húsnæðis- aðstæður þínar?




Fjöldi svara: 57

Í hvernig húsnæði býrð þú?




Fjöldi svara: 58

Hver er stærð
húsnæðisins
sem þú býrð í
nú í fermetrum?



Fjöldi svara: 58

Hefurðu leitað
að húsnæði á
Kópaskeri og
nágrenni
undanfarna 6
mánuði?




Fjöldi svara: 57

Hefurðu í
hyggju að gera
breytingar á
húsnæðis-
aðstæðum
þínum á næstu
5 árum?



Fjöldi svara: 58

Hvaða kostur er að þínu mati ákjósanlegastur fyrir þig næstu 5 árin?




Fjöldi svara: 10

Ath hér var fjöldi svara einungis 10 og því ber að taka niðurstöðunum með fyrirvara.
Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara var fleiri en fjöldi svarenda og heildarhlutfall því hærra en 100%.


Ef þú áformar að
skipta um
húsnæði, hvaða
fermetrafjöldi
væri ákjósan-
legastur?

Fjöldi svara: 9



Ath hér var fjöldi svara einungis 9 og því ber að taka niðurstöðunum með fyrirvara.


Hvað skiptir þig mestu máli við val á nýjum húsnæðiskosti?



Fjöldi svara: 10

Ath hér var fjöldi svara einungis 10 og því ber að taka niðurstöðunum með fyrirvara. Valmöguleikar fengu gildin 1-6 eftir mikilvægi og meðalskorið var reiknað út frá því.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?



Fjöldi svarenda: 28

Spurningin var opin og hér eru birtir helstu flokkar eftir greiningu meginefnis svara. Hægt var að nefna fleiri en eitt atriði svo fjöldi svara var fleiri en fjöldi svarenda og heildarhlutfall því hærra en 100%.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

”

Það vantar húsnæði. Skortur. Enginn séns fyrir fólk að flytja hingað. Ekkert á sölu og hefur ekkert verið á sölu undanfarin 2 ár.

”

Mikill húsnæðisskortur. Mikilvægt að það séu byggðar hentugar íbúðir í raðhúsi.

”

Gott ef að það færi að gerast eitthvað í þessum málum meðan atvinnuuppbygging er. Væri gott að þetta drægist ekki út í óvissu.

”

Tel það jákvætt að leiguíbúðir verði byggðar. Þar sem húsnæðisskortur er á svæðinu.

”

Brýn þörf er á smærri leiguíbúðum fyrir yngra fólk.

”

Verulega brýn þörf á öllu húsnæði á Kópaskeri. Vantar húsnæði bæði í þorpinu og fram í sveit.

”

Það vantar litlar íbúðir á Kópaskeri. Fólk myndi flytja þangað ef litlar íbúðir væru í boði.

”

Það virkilega vantar. Mikil uppbygging í sambandi við fiskeldi. Ungu fólkið vill koma heim ef það eru störf í boði og þá vantar húsnæði. Það er vandamál og er ekki til staðar.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

”

Íbúðir á og við Kópasker eru óseljanlegar vegna þess að bankar lána ekki til kaupanna nema sem nemur hlutfalli af fasteignamati og fasteignamat er reiknað út frá síðustu sölum sambærilegra eigna, en ekki út frá kostnaðarverði eignanna. Þetta er vítahringur sem verður að rjúfa til að eldri (og ungir líka) húseigendur á Kópaskeri vilji selja húsin sín. Þeir eru í fjötrum [...]

”

Bygging hagkvæmra leiguíbúða á Kópaskeri er lífsnauðsyn ef við ætlum plássinu framhaldslíf. Það þarf að gerast á meðan uppbygging við Röndina stendur yfir. Ef við glutrum niður þessu tækifæri til að efla Kópasker, í samvinnu við Raufarhöfn, sem öflugan kjarna austan Tjörness er Norðurþingi ekki viðbjargandi [...]

”

Veit bara að skortur er á húsnæði á Kópaskeri og hindrar það vöxt þorpsins.

”

Hafa þarf í huga að aukið framboð á leiguhúsnæði getur haft áhrif á fasteignaverð og sölu eigna á Kópaskeri.

”

Hef vantrú á leigufélögum. Þetta eru fyrst og fremst peningamaskínur.

”

Íbúðaverð á Kópaskeri mætti hækka. Norðurþing mætti vera meðvitaðra um hvað fólki vantar á Kópaskeri og Raufarhöfn. Ýmislegt sem þarf að laga á Kópaskeri.

Samantekt

Þátttakendur könnunarinnar höfðu allir búið á Kópaskeri og nágrenni í sex ár eða lengur og 45% þeirra frá fæðingu. Flestir voru á aldrinum 51-66 ára og 72% svarenda bjuggu í eigin húsnæði. Algengasti fjöldi heimilisfastra var tveir og 22% svarenda voru með börn yngri en 18 ára á heimilinu. Algengasta stærð húsnæðis var 100-150m² og 90% svarenda bjuggu í einbýlishúsi.

Þegar spurt var um mikilvægi helstu þátta við val á nýjum húsnæðiskosti var einungis horft til þeirra svarenda sem hugðust gera breytingar á húsnæðisaðstæðum sínum í nánustu framtíð. Þar sem einungis 17% svarenda hugðust breyta til, varð heildarfjöldi svara of takmarkaður til að hægt væri að draga ályktanir frá þeim. Því ber að túlka niðurstöður þeirra spurninga sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Af þeim sem hugðust gera breytingar, bjuggu 30% í eigin húsnæði og 40% í leiguhúsnæði. Aðrir bjuggu hjá ættingjum eða vinum. Af þeim 60% sem hugðust ekki gera neinar breytingar á húsnæðisaðstæðum sínum bjuggu 91% í eigin húsnæði.

Þrátt fyrir að hlutfall þeirra sem áformuðu breytingar á húsnæðismálum á næstunni væri lágt kom bersýnilega í ljós í athugasemdum svarenda að mikil þörf væri á uppbyggingu húsnæðis á svæðinu svo nýtt fólk gæti flutt til staðarins og frekari atvinnuuppbygging átt sér stað. Allnokkrir lýstu stöðunni þannig að núverandi húsnæðisskortur væri farinn að standa frekari vexti og atvinnuuppbyggingu á svæðinu fyrir þrifum. Mikil þörf væri m.a. á leiguhúsnæði og smærri íbúðum fyrir ungt fólk.